

Ed.

173. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun háskóla.

Nefnd sú, er háttv. efri deild kaus til að ihuga háskólafrumvarpið, hefir rætt það á nokkrum fundum og orðið sammála um, að ráða deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum.

Breytingarnar eru því nær allar orðabreytingar og þurfa því ekki útskýringar við. Að eins 2 eru verulegar efnisbreytingar, breytingarnar á 29. og 33. gr.

Um fyrri efnisbreytinguna nægir að geta þess, að seinni málsg. 29. gr. virðist ekki eiga heima í frumvarpinu, og ætti málsgreinin því þegar af þeirri ástæðu að falla burtu. Eðlilegast, að kveðið sé á um það með sérstökum lögum, hverjir skuli vera embættisgengir hér á landi, svo sem gert er annarsstaðar. Skilyrðinu um aukapróf við lagaskólann fyrir kandidata í lögum frá Kaupmanna háfnarháskóla er þó haldið með breytingu í 33. gr. um gildi 4. gr. í lögum nr. 3 frá 4. marz 1904 og 2. gr. í lögum nr. 37 frá 16. nóv. 1907.

Seinni efnisbreytingin, breytingin á því hvenær lögin skuli öðlast gildi, er gjörð af því, að nefndin telur æskilegt ef ekki nauðsynlegt, að æmílegt hús sé til taks handa háskólanum þegar hann tekur til starfa. En slíkt hús mundi kosta mikið og svo mundi fjölgun kennara frá því sem nú er og nauðsynleg launahækkun hafa nokkur útgjöld í för með sér. Þess vegna hefir nefndin eftir öllum atvikum ekki þorað að einskorða gildi laganna við 17. júní 1911, svo ljúft sem henni þó hefði verið að geta lagt til að binda stofnun háskólans við þann minnisstæða dag. Nægi efri bygð mentaskólans háskólanum í bráðina, eins og

stungið hefir verið upp á, ætti háskólafrumvarpið að geta öðlast gildi nefndan dag. Enda ekki vonlaust um, að svo geti orðið, enda þó að byggja þyrfti þús yfir skólann.

Að öðru leyti verður gjörð grein fyrir frumvarpinu og breytingartillögum um i framsögunni eftir því sem umræðurnar kunna að gefa tilefni til, en

Breytingartillögurnar eru þessar:

1. við 4. gr., 2. lið: í stað: »aðalkennarar« komi: prófessorar.
2. við 4. gr., 3. lið: í stað: »aðalkennari« komi: prófessor.
3. við 4. gr., 9. lið: í stað: »kensluárs« komi: háskólaárs.
4. við 5. gr., 1. lið: í stað: »nefndin« komi: háskólaráðið.
5. við 5 gr., 2. lið: í stað: »nefndarmenn« komi: menn úr háskólaráði.
6. við 7. gr. Greinin orðist svo:

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sérstaklega skipaðir til kenslunnar.

Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

7. við 8. gr., 1. lið: í stað: »decanus« komi: dekani og í stað: »meðlimur háskólaráðs« komi: í háskólaráðið.
8. við 8. gr., 3. lið: Liðurinn orðist svo:

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

9. við 9. gr., 1. lið: í stað: »jafnt aðalkennarar og aðstoðarkennarar« komi: allir kennarar deildarinnar.
10. við 15. gr.: í stað: »rektor háskólans slíkt fyrirlestrarhald áður«, komi: hann rektor háskólans það áður.
11. við 16. gr., 1. lið: orðið: »hvers« falli burtu.
12. við 17. gr., 1. lið: eftir orðin: »Hver sá«, komi: kona sem karl.
13. við 17. gr., 2. lið: í stað: »utanríkismönnum« komi: útlendingum.
14. við 17. gr., 3. lið: »fyrri« falli burtu.
15. við 19. gr., 2. lið: í stað »tilheyrði« komi: var í.
16. við 19. gr., 3. lið: í stað »kensluárs«, komi: háskólaárs og orðin: »þar til gjörða« falli burt.
17. við 22. gr., 2. lið: í stað orðanna: »hefir orðið aftur rækur við«, komi: stengt ekki, og í stað: »að nýju«: aftur.
18. við 22. gr., 3. lið: í stað: »ganga undir próf af nýju«, komi: endurtaka prófið.
19. við 22. gr., 4. lið: Liðurinn orðist svo: Stúdent greiðir prófgjald svo oft, sem hann segir sig til prófs.
20. við 25. gr.: í stað: »háskólanemanda« komi: háskólastúdent og í stað: »slíku nemanda« komi: stúdent.
21. við 28. gr., 2. lið: »hlutaðeigandi« falli burtu.
22. við 29. gr., 2. lið: Liðurinn falli burtu.
23. við 31. gr., 1. lið: í stað: »Hver« komi: Að jafnaði skal.

Orðin: »verður að« falli burtu.

Í stað: »háskólanefndar«, komi: háskólaráðs.
24. við 33. gr.: í stað orðanna: »Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1911 en jafnframt eru«, komi: Háskólinn tekur til starfa þegar veitt er fé til hans í fjárlögunum og ganga þá jafnframt.

Eftir orðin: »um stofnun lagaskóla«, komi: að undantekinni 4. gr.

Og eftir orðin: »lög nr. 37, 16. nóv. 1907«, komi: að undantekinni 2. gr.

Loks komi eftir orðin: »Loks falla« orðið: þá.

Efri deild alþingis 10. marz 1909.

Stefán Stefánsson Lárus H. Bjarnason
formaður. skrifari og framsögum.

Ari Jónsson. Jens Pálsson. Sigurður Hjörleifsson.